

Nd.

542. Nefndarálit

[164. mál]

um frv. til l. um breyt. á lögum nr. 4 20. febr. 1960, um efnahagsmál.

Frá 1. minni hl. fjárhagsnefndar.

Frá því að löggjöf ríkisstjórnarinnar um efnahagsmál var samþykkt, liðu ekki fullir þrjú mánuðir, þar til hún varð sjálf að flytja frv. um breytingu á þeirri löggjöf.

Það, sem gerzt hefur á þessum ársfjórðungi, er, að almenningur er þegar farinn að sjá, að glæfrakerfi ríkisstjórnarinnar er að hrynja og að sú lífskjaraskerðing, sem árás hennar á alþýðu hefur í för með sér, er óþolandi.

Það, sem komið hefur þegar í ljós, er þetta tvennt:

1. Það efnahagskerfi, sem ríkisstjórnin kom á, hefur þegar sýnt sig að vera ófær grundvöllur til þess að byggja íslenzkan sjávarútveg á. Einungis vegna þess að hið nýja efnahagskerfi var sett á á miðri vorvertíð, en ekki áður en hún byrjaði, hefur vertíðin ekki verið stöðvuð af fiskimönnum sjálfum. Við þá var beitt blekkingum um fiskverð, loforðum, sem voru svikin, — og að síðustu mun ýmsum þeirra þykja, að haft hafi verið af sér stórfé í vertíðarlok með hinum svokölluðu samningum L. Í. Ú. og fiskhringanna. En þótt blekkingar, svik og þjófnaður hafi þannig verið þær stoðir, sem efnahagskerfið haltraðist áfram á síðustu vertíð, þá gefa yfirlýsingar L. Í. Ú. þegar til kynna, að ekki verður — meira að segja frá sjónarmiði þeirra útgerðarmanna, sem „kerfið“ átti að kenna að standa á eigin fótum — haldið út í nýja vertíð, nema breytt verði um.

Hvernig stendur á, að svo fljótt hefur komið í ljós, hve ómögulegt þetta kerfi er fyrir íslenzkan sjávarútveg?

Orsök þess er sú, að þetta afturhaldskerfi er einvörðungu hugsað frá hagsmunasjónarmiði verzlunarauðvaldsins á Íslandi og vestrænu auðhringanna, sem vilja fá að selja vörur sínar til Íslands, en hirða ekkert um markað fyrir framleiðslu Íslendinga. Með öðrum orðum: Þetta afturhaldskerfi byggist á algeru skeytingarleysi um framleiðslu og útflutning Íslands. Með því að koma þessu kerfi á er hagsmunum íslenzks sjávarútvegs og íslenzks atvinnulífs fórnað fyrir alræði erlends peningavalds og innlends verzlunarauðvalds. Þar með er eðlilega verið að brjóta niður efnahagslegt sjálfstæði lands og þjóðar. Þvi ber að endurskoða þetta kerfi nú þegar á þessu þingi, ef það á ekki að hrynja allt með braki og brestum að loknu þingi.

Gerri ég því með tillögum, sem ég flyt á sérstöku þingskjali, tilraun til þess að létta af atvinnulífinu þeim þungu álögum hárra vaxta og okurs, sem á það voru lagðar með 31.—33. gr. þessara laga.

Verði þær tillögur samþykktar, mætti ætla, að von væri að fá frekari endurskoðun þessarar skaðræðislöggjafar við 3. umr.

2. Hitt höfuðatriðið, sem þegar er í ljós komið, er, að sú lífskjaraskerðing, sem leitt hefur og á eftir að leiða af samþykkt hins nýja efnahagskerfis, verður ekki þolud af almenningi. Bregði stjórnarflokkarnir eða þingmenn úr þeim ekki þegar við og endurskoði þessa ranglátu löggjöf þegar á þessu þingi, á alþýða einskis annars úrkostar en rísa upp til þess að brjóta af sér fjötra fátæktar, sem verið er að leggja á hana með efnahagskerfi ríkisstjórnarinnar.

Flyt ég því ásamt tveim öðrum þingmönnum Alþýðubandalagsins tillögu á sérstöku þingskjali um afnám 23. gr., en sú grein bannar framkvæmd löglegra samninga verkalýðsfélaganna um vitölu á kaup. Vona ég, að þingmenn sýni skilning sinn á því, að farið var inn á hættulega braut með því að svipta launþega rétti sínum með þessu kúgunarákvæði, og felli það úr lögum.

Þá hefur það og komið í ljós, síðan hið nýja kúgunarkerfi ríkisstjórnarinnar var á lagt, að ekki fá aðeins íslenzkir verkamenn og aðrir launþegar miklu lægri laun en sambærilegar launastéttir á Norðurlöndum, heldur fá og sjómenn vorir miklu lægra verð fyrir sinn fisk en t. d. norskir fiskimenn. Birti ég því til sönnunar þrjú fylgiskjöl.

Hið fyrsta sýnir það verð, sem lögbundið hefur nú verið hér á landi á annað ár sem skiptaverð til bátasjómannanna.

Hið annað sýnir verð hér á landi á fiski til útgerðarmanna frá 16. febr. 1960 til 20. maí 1960.

En hið þriðja sýnir það fiskverð, sem Norges Ráfisklag ákveður og greiðir norskum fiskimönnum frá 1. febr. 1960. Kemur þar í ljós, að fiskverð í Noregi er tvöfalt til fimmfalt hærra en hér og að norskir sjómenn fá kr. 4.21 til 4.80 fyrir kílóíð af þorski.

Gerri ég það að tillögu minni, að Alþingi skipi sérstaka nefnd til þess að rannsaka, hvornig á þessu fyrirbrigði stendur. Enginn mun vænta þess, að íslenzkir fiskimenn sætti sig við lægra fiskverð en norskir, og er því nauðsyn, að þetta mál sé fullrannsakað fyrir næstu vertíð. Breytingartillaga mín um þessa nefndarskipun er flutt á sérstöku þingskjali sem viðbót við bráðabirgðaákvæði efnahagslaganna.

Legg ég til, að frv. verði samþykkt með öllum þeim breytingum, sem í nefndum tillögum greinir.

Alþingi, 27. maí 1960.

Einar Olgeirsson.

Fylgiskjal I.**Lögbundið fiskverð til hlutarsjómana.**

(Skiptaverð til bátasjómana frá og með 1. febrúar 1959.)

Þorskur:**a. Annar en netjafiskur:**

Slægður m/haus	1.66	pr.	kg
— og hauseður	2.16	—	—
Óslægður	1.49	—	—
Flattur	2.46	—	—

b. Netjafiskur:**1. Einnar nætur og tveggja náttu úr djúpi og einnar nætur undan sandi, enda sé tveggja náttu fiskurinn að dómi fiskmatsmanna það góð vara, að ætla megi, að hann komist í 2. flokk sem saltfiskur:**

Slægður með haus	1.66	—	—
— og hauseður	2.16	—	—
Óslægður	1.49	—	—
Flattur	2.46	—	—

2. Þriggja náttu úr djúpi og tveggja náttu undan sandi:

Slægður m/haus	1.17	—	—
— og hauseður	1.51	—	—
Óslægður	1.06	—	—
Flattur	1.72	—	—

Ýsa, enda sé henni haldið sérskildri í bátnum:

Slægð m/haus	1.84	—	—
— og hausuð	2.40	—	—
Óslægð	1.52	—	—

Langa:

Slægð m/haus	1.48	—	—
— og hausuð	1.88	—	—
Óslægð	1.17	—	—
Flött	2.16	—	—

Keila:

Slægð m/haus	1.14	—	—
Óslægð	1.02	—	—

Ufsi:

Slægður m/haus	1.19	—	—
— og hauseður	1.54	—	—

Steinbítur í nothæfu ástandi:

Slægður m/haus	1.49	—	—
----------------------	------	---	---

Skötubörð:

Stór	1.30	—	—
Smá	0.89	—	—

Skata óstungin, sem fer til vinnslu:

Óslægð, en blóðguð	0.84	—	—
Innanifarin og blóðguð	0.96	—	—

Karfi	1.33 pr. kg
Lúða: 1—10 kg til útflutnings	3.95 — —
Hrogn til 1. apríl 1959:	
1. flokkur	3.79 — —
2. flokkur	1.81 — —
Skarkoli:	
1¼ lbs. og yfir	4.46 — —
1 ¼ — til ¾ lbs.	4.46 — —
¾ — og yfir óflokkað	3.73 — —
Þykkvalúra:	
1 ¼ lbs. og yfir	3.31 — —
1 ¼ — til ¾ lbs.	2.17 — —
¾ — og yfir óflokkað	2.65 — —
Langlúra:	
1 lbs. og yfir	2.34 — —
1 — til ¾ lbs.	1.63 — —
Stórkjafra:	
1 lbs. og yfir	2.34 — —
1 — til ¾ lbs.	1.63 — —
Saltfiskur upp úr bát:	
Þorskur	4.42 — —
Langa	3.72 — —
Ufsi	2.31 — —

Fyrir LIFUR og BEIN skal greiða hæsta gangverð á hverjum stað.

Í 5. gr. fiskverðssamningsins segir svo um kauptryggingu:

Á þorskvertíðum skal kauptrygging til sjómanna á tímabilinu frá 1. jan. til 31. maí vera kr. 2900.00 í grunn, en á tímabilinu frá 1. júní til 31. des. kr. 2700.00, nema öðruvísi verði samið um milli sjómanna og útvegsmanna í hinum einstöku verstöðvum.

Kauptrygging kr. 2900.00 í grunn verður í janúar kr. 5858.00, í febrúar kr. 5075.00.

Fylgiskjal II.

Verð á fiski til útgerðarmanna frá 16. febr. til 20. maí 1960.

(Samningsverð milli L. Í. Ú. og Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna og Skreiðarsamlagsins.)

Þorskur:

a. Annar en netjafiskur, þar með togarafiskur hæfur til frystingar:	
Slægður með haus	kr. 2.63
Óslægður	— 2.35
b. Þorskur, smár:	
Slægður með haus	— 2.30
c. Netjafiskur, einnar og tveggja náttu:	
Slægður með haus	— 2.53
Óslægður	— 2.23

d. Netjafiskur, þriggja náttá:	
Slægður með haus	kr. 1.76
Óslægður	— 1.49
Ýsa, stór:	
Slægð með haus	— 2.63
Óslægð	— 2.20
Ýsa, smá:	
Slægð með haus	— 2.30
Langa:	
Slægð með haus	— 2.34
Óslægð	— 1.89
Keila:	
Slægð með haus	— 2.14
Óslægð	— 1.94
Steinbítur:	
Slægður með haus	— 1.90
Óslægður	— 1.60
Ufsi:	
Slægður með haus	— 2.05
Óslægður	— 1.80
Skata, stór:	
Slægð	— 1.42
Óslægð	— 1.22
Lúða:	
Slægð 1—40 kg	— 5.63
Hrogn:	
I. flokkur	— 6.00
II. flokkur	— 3.00
Karfi	— 2.20

Fylgiskjal III.

Verð á fiski til norskra fiskimanna frá Norges Ráfisklag,

Slægður fiskur með og án hauss.	Verðsvæði I A ísl. kr. pr. kg.		Verðsvæði I B ísl. kr. pr. kg.		Verðsvæði I C ísl. kr. pr. kg.		Verðsvæði II A ísl. kr. pr. kg.	
	Frysting Ísing Léttsaltað	Önnur notkun	Frysting Ísing Léttsaltað	Önnur notkun	Frysting Ísing Léttsaltað	Önnur notkun	Frysting Ísing Léttsaltað	Önnur notkun
Þorskur yfir 43 cm	4.21	4.21	4.21	4.21	4.26	4.26	4.37	4.37
Þorskur undir 43 cm	3.30	3.30	3.36	3.36	3.41	3.41	3.52	3.52
Ufsi	2.88	2.88	2.88	2.88	2.93	2.93	2.93	2.93
Ýsa minnst ½ kg	3.68	2.61	3.68	2.61	3.73	2.66	3.78	2.66
Langa	4.21	4.21	4.21	4.21	4.26	4.26	4.37	4.37
Steinbitur yfir 43 cm	2.40	—	2.40	—	2.40	—	2.40	—
Hlýri yfir 43 cm	2.93	—	2.93	—	2.98	—	3.04	—
Blálanga og keila minnst ½ kg	3.46	3.46	3.46	3.46	3.52	3.52	3.57	3.57
Karfi	3.68	3.68	3.68	3.68	3.73	3.73	3.78	3.78
Grálúða	3.62	3.62	3.68	3.68	3.73	3.73	3.78	3.78
Lúða 6—40 kg	18.65	—	18.65	—	18.65	—	18.92	—
Lúða 40—60 kg	17.05	—	17.05	—	17.05	—	17.32	—
Lúða 60—100 kg	13.85	—	13.85	—	13.85	—	14.12	—
Lúða yfir 100 kg	11.72	—	11.72	—	11.72	—	11.99	—
Lúða undir 3.2 kg	7.99	—	7.99	—	7.99	—	7.99	—
Lúða 3.2—7 kg	10.66	—	10.66	—	10.66	—	10.66	—
Skarkoli	7.99	—	7.99	—	7.99	—	7.99	—
Annar flatfiskur og skarkoli undir 500 gr.	5.06	—	5.06	—	5.06	—	5.06	—
Lifur og hrogn	Ferskur Frysting Sykursöltun Niðursuða	Önnur notkun	Ferskur Frysting Sykursöltun Niðursuða	Önnur notkun	Ferskur Frysting Sykursöltun Niðursuða	Önnur notkun	Ferskur Frysting Sykursöltun Niðursuða	Önnur notkun
Þorskurogn	5.33	3.20	5.33	3.20	5.33	3.20	5.33	3.20
Ýsurogn, ufsa-, löngu- og keilurogn	2.13	2.13	2.13	2.13	2.13	2.13	2.13	2.13
Þorsk-, löngu- og keilulifur	1.86	—	1.86	—	2.40	—	2.40	—
Ufsalifur	1.86	—	1.86	—	1.86	—	1.86	—
Ýsulifur	1.60	—	1.60	—	1.60	—	1.60	—
Hausar								
Hausar af 1000 kg ufsa og ýsu	kr. 42.63	—	kr. 42.63	—	kr. 42.63	—	kr. 42.63	—
Hausar af 1000 kg af öðrum fiski	—	53.29	—	53.29	—	53.29	—	53.29

umreiknað í ísl. kr. með kaupgengi norskra króna: 532.85.

Verðsvæði II B ísl. kr. pr. kg.		Verðsvæði III ísl. kr. pr. kg.		Verðsvæði IV A ísl. kr. pr. kg.		Verðsvæði IV B ísl. kr. pr. kg.		Verðsvæði V A ísl. kr. pr. kg.	
Frysting Ísing Léttsaltað	Önnur notkun	Frysting Ísing Léttsaltað	Önnur notkun	Frysting Ísing Léttsaltað	Önnur notkun	Frysting Ísing Léttsaltað	Önnur notkun	Frysting Ísing Léttsaltað	Önnur notkun
4.53(4.80)*	4.53(4.80)*	4.53	4.53	4.53	4.53	4.53	4.53	4.53	4.53
3.62	3.62	3.68	3.68	3.68	3.68	3.68	3.68	3.68	3.68
2.93	2.93	2.93	2.93	3.04	3.04	3.04	3.04	3.04	3.04
3.84	2.66	3.94	2.72	4.16	2.77	4.26	2.77	4.26	2.77
4.53	4.53	4.53	4.53	4.53	4.53	4.53	4.53	4.53	4.53
2.40	—	2.40	—	2.40	—	2.40	—	2.40	—
3.09	—	3.20	—	3.41	—	3.46	—	3.68	—
3.62	3.62	3.68	3.68	3.73	3.73	3.73	3.73	3.78	3.78
3.84	3.84	3.84	3.84	3.94	3.94	4.05	4.05	4.21	4.21
3.78	3.78	3.78	3.78	—	—	—	—	—	—
18.92	—	18.92	—	19.45	—	19.45	—	19.45	—
17.32	—	17.32	—	17.85	—	17.85	—	17.85	—
14.12	—	14.12	—	14.65	—	14.65	—	14.65	—
11.99	—	11.99	—	12.52	—	12.52	—	12.52	—
7.99	—	7.99	—	7.99	—	7.99	—	7.99	—
10.66	—	10.66	—	10.66	—	10.66	—	10.66	—
7.99	—	7.99	—	7.99	—	8.53	—	8.53	—
5.06	—	5.06	—	5.33	—	5.59	—	5.59	—
Ferskur Frysting Sykursöltun Niðursuða	Önnur notkun	Ferskur Frysting Sykursöltun Niðursuða	Önnur notkun	Ferskur Frysting Sykursöltun Niðursuða	Önnur notkun	Ferskur Frysting Sykursöltun Niðursuða	Önnur notkun	Ferskur Frysting Sykursöltun Niðursuða	Önnur notkun
5.33	320	5.33	320	5.33	320	5.33	320	5.33	320
213	2.13	2.13	2.13	2.13	2.13	2.13	2.13	2.13	2.13
2.40		2.40		2.40		2.40		2.40	
1.86		1.86		1.86		1.86		1.86	
1.60		1.60		1.60		1.60		1.60	
kr. 42.63		kr. 42.63		kr. 42.63		kr. 42.63		kr. 42.63	
— 53.29		— 53.29		— 53.29		— 53.29		— 53.29	

* Í Lofoten (verðsvæði IIB að undanteknum Steigen-, Bodö- og Salten-hreppum) skal lágmarksverð fyrir þorsk yfir 43 cm vera 90 aurar á kg til allrar notkunar á tímabilinu frá og með 1. febrúar 1960 til og með 30. apríl 1960.

Verðsvæði:

- I A nær yfir Varanger-, Vardö- og Tana-hreppa (sorenskriverier).
- I B — — Hammerfest- og Alta-hreppa.
- I C — — Lyngen-, Malangen- og Senja-hreppa og þann hluta af Trondenes-hreppi, sem liggur á Senja.
- II A — — aðra hluta Troms-sýslu (fylke) og Vesterálen-hrepps að þeim hluta Hadsel-héraðs, sem liggur að Aust-Vågöy.
- II B — — þann hluta Hadsel-héraðs, sem liggur á Aust-Vågöy, Lofoten-, Steigen-, Bodö- og Salten-hreppa, Nordlandfylke, en að undanteknum Meløy- og Rödøy-héruðum.
- III — — Meløy- og Rödøy-héruð og Rana- og Alstahaug-hreppa í Nordlandfylke.
- IV A — — Brønnøy- og Namdal-hreppa.
- IV B — — það, sem ekki hefur áður verið talið af Nord-Trøndelag og allt Sör-Trøndelag.
- V A — — Nord-Möre.

Athugið!

Fyrir ýsu undir 1 kg með haus má lækka lágmarksverðið um 15%.

Fyrir karfa slægðan með haus, afhentan beint til hraðfrystihúss, skal verðið vera 50 aurar pr. kg á öllum verðsvæðum.

Verðið gildir fyrir góða nýja vöru. Fyrir eldri fisk, skaddaðan, eða annan fisk, sem ekki nær fyllstu gæðum við afhendingu, má verðið lækka, eftir því sem verðmætið hefur spillt, allt að 25% lægra verð, en tilsvarendi nettóverð fyrir 1. flokks vöru.

Fyrir grálúðu í heilu lagi á verðið að vera $\frac{1}{3}$ lægra. Gömul eða runnin lifur er greidd með allt að 10 auro lægra verði en áður er til fært.

Kaup eða sala á annan hátt en uppgefið er í verðlistanum er ekki leyfð án sérstaks leyfis frá skrifstofum Norges Ráfisklag.

Athugið enn fremur: Allur fiskur er mældur með saltfiskmáli: frá boga tálknbeins til enda sporðblöðku.